

Nr. 111 / 12 Jón Vídalín VE 82***Skipverji slasast við hífingar***

Skipaskr.nr. 1275
Smíðaður: Muroran Japan 1972, stál
Stærð: 548,4 brl. 808,8 bt.
Mesta lengd: 55,82 m *Skráð lengd:* 51,45 m
Breidd: 9,5 m *Dýpt:* 6,5 m
Vél: Niigata 1691kW, 1986
Fjöldi skipverja: 14



Jón Vídalín ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. apríl 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. maí 2012 var Jón Vídalín VE 82 á togveiðum á Grindavíkurdýpi. Veður: Logn.

Skipverjar voru að losa úr pokanum þegar annar gilsinn losnaði og krókurinn lenti í andliti eins þeirra með þeim afleiðingum að þrjár tennur brotnuðu.

Við rannsókn kom fram:

- að gilsinum hafði verið slegið um pokann og krókurinn settur á vírinn til að strekkja að til hífingar. Skipverjinn tók eftir að krókurinn var ekki rétt settur á vírinn og hljóp að til að laga krókinn. Hann kallaði en stjórnandi hífingar hefði ekki heyrt til sín. Fram kom hjá honum að mikill atgangur hefði verið á þilfarinu vegna mikils afla;
- að gilskrókurinn var opinn.

Nefndarálit:

Orsök slyssins er að notaður var opinn gilskrókur.